



Heilablóðfall

Heilablóðfall eða heilaslag er afleiðing truflunar á blóðflæði til heila vegna stíflu í slagæð af völdum blóðtappa eða vegna blæðingar í heila þegar æð brestur. Einkenni sem hljótast í kjölfarið eru misalvarleg og fara þau eftir staðsetningu og stærð blóðfallsins.

Algeng einkenni eftir heilablóðfall eru dofi, kraftminnkun eða lömum í annarri hlið líkamans, taltruflanir og skyndtruflanir. Einkenni geta haft neikvæð áhrif á hreyfanleika, styrk, jafnvægi og getu til að takast á við daglegt líf.

Sjúkráþjálfun er ákaflega mikilvæg eftir heilablóðfall. Viðeigandi meðferð ætti að hefjast eins fljótt og auðið er og henni ætti að halda áfram þar til einstaklingurinn hefur náð eins miklum bata og mögulegt er. Sjúkráþjálfun hefur jákvæð áhrif á lífsgæði einstaklinga sem hlotið hafa heilablóðfall, eykur sjálfstæði þeirra, hreyfanleika og getu til daglegra starfa.

Hjá Bata starfa sjúkráþjálfarar sem hafa sérhæft sig í meðferð einstaklinga sem hlotið hafa heilablóðfall. Við bjóðum upp á sérhæfða þjálfun sem miðar að því að auka lífsgæði og vinna á einkennum.

Meðferð sem gagnast vel þeim sem fengið hafa heilablóðfall:

- Gönguþjálfun
- Hreyfistjórnunaræfingar
- Færniþjálfun
- Þjálfun fínhreyfinga
- Liðkandi æfingar og teygjur
- Styrktarþjálfun
- Verkjameðferð